

AUGLÝSING

um niðurfellingu tvísköttunarsamnings milli Íslands og Lúxemborgar varðandi tekjur og eignir loftferðafyrirtækja.

Hinn 1. janúar 2002 féll niður samningur milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar til þess að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir loftferðafyrirtækja sem gerður var í Lúxemborg 29. apríl 1975, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1976 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.